

**Afmælisbarnið**

**Jamie Lee Curtis**

Jamie Lee Curtis verður 42 ára í dag. Jamie Lee skaust upp á stjórnunhimininn í hryllingsmyndinni Halloween og í nokkur ár var hún eftirlæti hryllingsmyndaleikstjóra og fékk gælunafnið „Scream Queen“. Eftir að hún sýndi góðan gamanleik í Trading Places á móti Eddie Murphy og Dan Aykroyd fóru hlutverkin að verða betri. Jamie Lee hefur alist upp í kvikmyndum frá barnsaldri en foreldrar hennar eru kvikmyndaleikararnir Tony Curtis og Janet Leight.



**Stjörnuspá**

Gildir fyrir fimmtudaginn 23. nóvember

**Vatnsberinn (20. jan.-18. febr.):**

Ákveðinn atburður sem átti sér stað nýlega setur mikinn svip á líf þitt þessa dagana og veldur þér leiða. Reyndu að horfa á björtu hliðarnar.

**Fiskarnir (19. febr.-20. mars):**

Vertu þolinmóður þó að einhver sýni þér tillitsleysi og ætlist til of mikils af þér. Reyndu að setja þig í spor annars fólks í stað þess að hugsa alltaf bara um sjálfan þig.

**Hrúturinn (21. mars-19. apríl):**

Þú leysir verk sem þér var sett fyrir í vinnunni vel af hendi en það gæti gengið illa að leysa úr agreiningsmáli heima fyrir.

**Nautið (20. apríl-20. maí):**

Dagurinn lofar góðu í sambandi við félagslíf og er líklegt að það verði líflegt. Þú þarft að huga að eyðslunni og passa að hún fari ekki úr böndunum.

**Tvíburarnir (21. maí-21. júní):**

Þú ert ofarlega í huga ákveðinnar manneskju og skalt fara vel að henni og ekki gagnrýna of mikið það sem hún gerir.

**Krabbinn (22. júní-22. júlí):**

Þú ættir að hugsa þig vel um áður en þú tekur að þér stórt verkefni því að það gæti tekið meiri tíma en þú heldur í fyrstu.

**Ljónið (23. júlí-22. ágúst):**

Samband þitt við vini þína er gott um þessar mundir og þú nýtur virðingar meðal þeirra sem þú umgengst. Hapattölur þínar eru 4, 18 og 23.

**Mevlan (23. ágúst-22. sept.):**

Óvæntur atburður setur strík í reikninginn og gæti raskað áætlun sem var gerð fyrir löngu. Vertu þolinmóður við þína nánustu í dag.

**Voglin (23. sept.-23. okt.):**

Fyrri hluti dagsins verður rólegur en þegar líður á daginn er hætt við að þú hafir ekki tíma til að gera allt sem þú þarft af gera.

**Sporðrekl (24. okt.-21. nóv.):**

Vinur þinn á í vanda og leitar til þín eftir aðstoð. Reyndu að hjálpa honum af fremsta megni. Kvöldið verður rólegt og ánægjulegt.

**Bogamaður (22. nóv.-21. des.):**

Þú þarft að fara varlega í fjármálum og forðast alla óhóflega eyðslu. Ef þú ert sniðugur getur þú loksins látið gamla draum rætast.

**Steingeitin (22. des.-19. jan.):**

Þú hefur minna að gera í dag en þú bjóst við en forðastu að sitja auðum höndum. Reyndu að vera duglegur og klára það sem þú þarft að klára.



Þrjú myndlistarmenn

Á myndinni eru þrjú myndlistarmenn sem komu á Kjarvalsstaði til að skoða suður-afríska list. Talið frá vinstri: Þorri Hringsson, Birgir Snæbjörn Birgisson og Daði Guðbjörnsson.

# Gestir á Kjarvalsstöðum

Um síðustu helgi var opnuð sýning á Kjarvalsstöðum með verkum eftir um tuttugu suður-afríska listamenn. Á sýningunni er lögð áhersla á samtímalist frá Suður-Afríku.



Hinn einstaki listamaður, Sæmundur Valdimarsson, spjallar við Guðrúnu Jónsdóttur, formann menningarmálanefndar Reykjavíkur.



DV-MYNDIR EINAR J.

**Borgarstjórnin á Kjarvalsstöðum**

Borgarstjórnin í Reykjavík, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, mætti við opnun sýningarinnar ásamt eiginmanni sínum, Hjörleifi Sveinbjörnssyni. Með þeim á myndinni eru Eiríkur Þorláksson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, og Gavin Young sýningarstjóri.

Höfðaborg. Við opnun sýningarinnar á laugardaginn var húsfyllir og margt frammámanna í þjóðfélaginu ásamt íslenskum listamönnum lét sjá sig.

# Liam og Nicole eiga von á barni

Söngvarinn Liam Gallagher í Oasis er enn ekki skilinn við Patsy Kensit. Hann á samt von á barni með kærustunni sinni, Nicole Appleton í All Saints.

Liam og Patsy skildu að borði og sæng síðastliðið sumar. Stuttu seinna kom í ljós að Liam var farinn að gefa Nicole auga.

„Já, við eigum von á barni og það er æðislegt. Nicole verður góð móðir, sú besta í heimi,“ segir Liam í viðtali við netútgáfu BBC.

Nicole er sögð vera komin tvo mánuði á leið. „Það er stutt síðan ég uppgötvaði að ég ætti von á barni. Ég er í finu formi,“ segir hún.

Liam á soninn Lennon, sem er bráðum eins árs, með



Verðandi móðir


All Saints-stjarnan Nicole Appleton á von á barni með Liam Gallagher í Oasis.

Patsy. Nicole á ekkert barn. Þau segjast ekki vera á leið í hjónaband. Allt sem skipti máli núna sé barnið sem er á leiðinni.



**Mel C er ekki búin að yfirgefa Kryddþiurnar**

Breskir fjölmiðlar og vefsíðar fullyrða að Kryddþiurn Mel C sé búin að yfirgefa vinkonur sínar. Talsmaður hljómsveitarinnar vísar þessum orðrómi á bug. Tilefni orðrómsins eru ummæli hennar í sjónvarpsþættinum Frank Skinner Show. Í honum kvast hún hafa það betra eftir að hún hætti í Kryddþiurnum og hóf sólóferil sinn. Stjórnandinn tók ekki eftir því sem hún sagði vegna hláturs áhorfenda í þættinum og þá bætti Mel C því við að það hefði verið gott að hann heyrði ekki það sem hún sagði.



**Robbie aftur í kynlífsmeðferð**

Söngvarinn Robbie Williams er svo leiður á því að vera háður kynlífi að hann er farinn enn einu sinni í meðferð. Erlendir slúðurmiðlar segja að Robbie sé svo háður konum og kynlífi að hann verði að fá hjálp fagmanna til að læra að hafa stjórn á löngun sinni. Robbie hefur verið bendlaður við margar konur. Meðal þeirra eru Kryddþiurn Geri Halliwell og All Saints-stjarnan, Nicole Appleton. Hann hefur einnig verið orðaður við Andreu Corr sem flesta breska karla dreymir um.

**BIFREIDASTILLINGAR**  
**NICOLAI**  
FAXAFENI 12 - SÍMI 588 2455

**Glæsilegt úrval**

Glæsilegt úrval af handunnum rúmteppum, dúkum, ljósum og gjafavörum. Matta rósín 20% afsl.

Pelsar í úrvali

**Sigurstjarnan**

Opíð virka daga 11-18, laugard. 11-16

í bláu húsi við Fákafen. Sími 588 4545.